

# Viljayfirlýsing

Stjórnvöld og samtök aðila vinnumarkaðarins leggja áherslu á mikilvægi þess að komið verði með formlegum hætti á aðgerðahópi þessara aðila til að vinna að launajafnrétti kynjanna. Markmið slíks samstarfs er að að eyða kynbundnum launamun sem enn er viðvarandi vandi á innlendum vinnumarkaði.

Aðilar að viljayfirlýsingu þessari hafa ákveðið að setja á fót aðgerðahóp í tilraunaskyni til tveggja ára með möguleika á framlengingu ákveði aðilar að halda beri samstarfinu áfram. Tilnefnir hver aðili viljayfirlýsingarinnar einn fulltrúa í hópinn en fulltrúi velferðarráðherra verður formaður hans. Verkefni aðgerðahópsins skal meðal annars vera að vinna að samræmingu rannsókna á kynbundnum launamun, annast gerð áætlunar um kynningu jafnlaunastaðals, upplýsingamiðlun og ráðgjöf um launajafnrétti kynjanna til stofnana og fyrirtækja. Skal aðgerðahópurinn vinna að nánari útfærslu einstakra verkefna hópsins.

Reykjavík 24. október 2012




Guðbjartur Hannesson  
Velferðarráðherra



Katrín Júlíusdóttir  
Fjármála- og efnahagsráðherra



Gylfi Arnbjörnsson  
Forseti Alþýðusambands Íslands



Stefán Aðalsteinsson  
Framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna



Elín Björg Jónsdóttir  
Formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja



Björg Bjarnadóttir  
Varaformaður Kennarasambands Íslands



Vilhjálmur Egilsson  
Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins



Halldór Halldórsson  
Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga